

Fjarðarbyggð
Hafnargata 2
730 Reyðafjörður

Reykjavík, 4. apríl 2024
UST202310-354/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum-snjóvarnargarðar fólkvangur Neskaupstaðar.

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Fjarðabyggðar, dagsett, 30. október 2023 með viðbótarupplýsingum 1. mars 2024 um leyfi til framkvæmda innan fólkvangs Neskaupsstaðar.

Fólkvangur Neskaupsstaðar er friðlýstur sbr. [auglýsingu nr. 333/1972](#). Óheimilt er að raska föstum bergmyndunum á svæðinu, og ætlast er til góðrar umgengni af vegfarendum í hvívetna. Umferð vélknúinna ökutækja um fólkvanginn er stranglega bönnuð. Öll mannvirkjagerð og jarðefnataka er óheimil á svæðinu.

Samkvæmt 1. mgr. 41 gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands og og viðkomand náttúruverndarnefndar veitt undanþágu frá ákvæðum friðlýsingar ef það stríðir ekki verulega gegn markmiði friðlýsingarinnar og hefur óveruleg áhrif á verndargildi þeirra náttúruminja sem friðlýsingin beinist að, eða ef öryggissjónarmið eða mjög brýnir samfélagshagsmunir krefjast þess.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til framkvæmda vegna ofanvatnsrásar í tengslum við snjóflóðamannvirki ofan Neskaupstaðar. Ofanvatnsrásin mun liggja eftir Stóra læk sem er á mörkum fólkvangs Neskaupstaðar. Teikningar og kort sem sýna hönnun vatnsrásarinnar og staðsetningu fylgdu með umsókn. Sérstaklega verður hugað að aðlögun að núverandi landi inni fólkvanginum, forðast beinar línur og land ekki jafnað of mikið. Áætlað er að framkvæmdir hefjist vorið 2024 og ljúki sama ár. Að verkinu kæmu 4 starfsmenn á gröfu og með vörubíl.

Umsagnir:

Í samræmi við við 1. mgr. 41. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands þann 19. mars 2024 um beiðni um undanþágu frá friðlýsingarskilmálum fólkvangsins. Umsögn Náttúrufræðistofnunar barst þann 25. mars 2024. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að Náttúrufræðistofnun hafi kynnt sér málið og gerir ekki athugasemdir við að undanþágan

verði veitt svo framarlega sem staðið verði við áform um að hönnun og framkvæmd verði aðlöguð að landslagi til að draga úr ásynðaráhrifum eins og hægt er.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að framkvæmdinn muni hafa neikvæð áhrif á náttúrufari og ásynð svæðisins á framkvæmdartíma auk þess að hafa truflandi áhrif á gesti svæðisins. Umhverfisstofnun metur þó að verkefnið sé ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á svæðið til lengri tíma og hægt verði að draga úr neikvæðum áhrifum á gesti svæðisins sé farið eftir skilyrðum leyfisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Fjarðabyggð fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdinni og undanþágu frá friðlýsingarskilmálunum innan fólkvangsins í Neskaupstað sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið í ár frá dagsetningu þessa bréfs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Koma skal fyrir merkingum á framkvæmdarstað þar sem tilgreindur er framkvæmdartími og bent á hjáleiðir ef við á.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Þess skal gætt að framkvæmdirnar séu í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og gæta þess að umhverfið verði sem náttúrulegast.
- Nota skal staðargróður við uppgræðslu á því svæði sem raskast.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Einungis skal aka gröfu og vörubíl að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi Minjastofnunar þarf fyrir verkefninu ef friðlýstar fornminjar eru innan 100 metra frá framkvæmdarsvæðinu. Ef um er að ræða aðrar fornminjar sem eru friðaðar þarf leyfi Minjastofnunar ef minjarnar eru innan 15 metra frá framkvæmdarstað nema annað sé ákveðið.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Lára Björnsdóttir
sérfræðingur